

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 21

Dags. 24.5.2011

21. fundur Skipulags- og umhverfisnefndar

Fundur haldinn þann 24.05 2011 kl. 16 í Kjarna, Laugum

Mætt eru Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Þórunn Jónsdóttir, Hörður Þór Benónýsson, Guðrún Sigríður Tryggvadóttir og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson. Gaukur Hjartarson skipulagsfulltrúi Þingeyinga og Tryggvi Harðarson sveitarstjóri sátu einnig fundinn.

1. Verkefnislýsing deiliskipulags þeistareykjavirkjunar.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn breytingar á orðalagi varðandi förgun á affallsvatni við borun og blástur.

2. Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir borun ÞG-7 á þeistareykjum.

Með tilvísan í 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er þess hér með farið á leit að sveitarstjórn Þingeyjarsveitar veiti leyfi fyrir borun holu ÞG-07 á borplani C undir Ketilfjalli samkvæmt afstöðumynd THR 2011 01 10. Erindið er dagsett 10.05 2011.

Skipulagsnefnd telur að framkvæmdin sé í samræmi við aðalskipulag Þingeyjarsveitar sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórn en er í lokaferli.

Nefndin leggur til að sveitarstjórn veiti framkvæmdaleyfið að fenginni staðfestingu aðalskipulags.

3. Lagt fram vegna aðalskipulags Skútustaðahrepps 2010-2021.

Erindi dags. 10. 05. Lýsing skipulagsáætlunar, verkáætlun (Áfangaskýrsla 3) ásamt Áfangaskýrslu 1. Forsendur sbr. ákvæði í 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 lögð fram til kynningar.

4. Spilda úr landi Sigríðarstaða, stofnun nýrrar lóðar til sameiningar og stækkunar fyrri lóðar nr. 176153

a) Ný landspilda 52.107 fm. Erindið er dags. 20.05. 2011.

Þess er farið á leit við Skipulags og umhverfisnefnd og sveitarstjórn fyrir hönd Dóru Herbertsdóttur og Hermanns Herbertssonar að sveitarstjórn veiti umsögn um og heimili fyrir sitt leyti stofnun nýrrar landspildu úr landi Sigríðarstaða nr. 153327, Sigríðarstaðir lóð sem er að stærð 52.107 fm. Lóðin er afmörkuð á uppdrætti Guðmundar Gunnarssonar dags. 01.03.2010 og hefur áður verið samþykkt af Skipulags- og umhverfisnefnd og sveitarstjórn.

Skipulags og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki stofnun lóðarinnar og að henni sé skipt út úr jörðinni.

b) Auk ofangreinds erindis er þess farið á leit við nefndina og sveitarstjórn að hún samþykki að leysa landið sem fer undir hina nýju landspildu úr landbúnaðarnotum. Lögbýlisréttur verður áfram á jörðinni Sigríðarstaðir, landnr. 153327.

Skipulags og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki erindið.

c) Sameining tveggja spildna 5.723 fm. og 52.107 fm. samtals 57.830 fm.

Þess er farið á leit við Skipulags og umhverfisnefnd og sveitarstjórn að hún samþykki að hin nýja landspilda verið sameinuð við landspildu nr. 176153, sem er í eigu Dóru Herbertsdóttur og mun liggja alfarið innan hinnar nýju landsspildu svo sem sést á uppdrætti. Umrædd landspilda verður eftir sameining þessara tveggja spildna alls 57.830 fm. Og eru ytri mörk hennar óbreytt frá hnitsettri afstöðumynd sem unnin er af Guðmundi H Gunnarssyni hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar dags. 01.03.2010. Afmörkun stækkunar á lóð landnr. 176153 úr landi Sigríðarstaða. Breyting þessi hefur ekki áhrif á ytri landamerki jarðarinnar Sigríðarstaðir.

Skipulags og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki erindið.

d) Heiti nýrrar landspildu - Lappland.

Sú spilda sem þegar hefur verið stofnuð og ber landnr. 176153 hefur í daglegu tali verið nefnd Lappland án þess að spildan hafi formlega fengið það heiti. Með því að verið er að stofna nýja

landspildu með umsókn þessari sem umlykur að öllu leyti hina minni nr. 176153 er óskað eftir því að Skipulags og umhverfisnefnd samþykki heitið Lappland á hina nýju spildu. Farið er fram á að sameinuð spilda, sbr. 3. lið hér að framan, beri þá heitið Lappland.

Skipulags og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki erindið.

5. Bréf frá Fornleifanefnd v/ Hólkots.

Lagt fram bréf frá Fornleifavernd ríkisins, dags.03.05.2011, varðandi sumarhúsalóð í landi Hólkots.

6. Erindi frá Svartárkotsbúinu ehf.

Óskað er eftir að stofna lóð fyrir vinnsluhús samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti dags. 23.05.2011.

Skipulags og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki erindið.

Guðrún vék af fundi undir þessum lið.

Fleira ekki bókað fundi slitið kl. 19:00

Ásvaldur Ævar Þormóðsson